



Árborg
Gísli Halldór Halldórsson
Austurvegi 2
800 Selfoss

Tilvísun okkar: Tilvísun ykkar
AB

Dags:
08.05.2019

Varðar: Framkvæmdir við brú yfir Ölfusá

Vegagerðin vinnur nú að undirbúningi viðhaldsframkvæmda á brú yfir Ölfusá á Hringvegi 1. og óskum við eftir umsögn bæjaryfirvalda vegna framkvæmdarinnar.

Um er að ræða Sandblástur og málun stálgrindar undir brúnni. Gert er ráð fyrir að sandblása og mála alla grindina í aðalbrúnni sem er undir brúnni. Verkið var boðið út en tilboð voru öll of há og því var öllum hafnað. Lægstbjóðanda var gefinn kostur á að lækka tilboð sitt, sem hann gerði og er nú innan sammingsheimildamarka. Ekki hefur verið skrifað undir samning ennþá. Gerðar eru miklar kröfur til varna vegna ryks og málningar, þannig er gerð krafa um að sett verði net á brúna báðum megin sem eigi að taka við öllum óhreinindum og málningu. Til að koma ofangreindum vörnum fyrir þarf að gera brúna einbreiða í stuttan tíma þegar verið er að setja niður net þar sem ekki gönguleið, reiknað er með að sú vinna verði gerð á kvöldin þegar umferð er sem minnst. Reiknað er með að verktaki verði með aðstöðu við suður enda brúarinnar og þarf því að komast með sand og önnur verkfæri að þeim enda eftir göngustíg. Verktaka er ekki heimilt að vinna nema til kl. 20 á kvöldin við sandblástur og málningu vegna nálægðar við íbúðarbyggð og hótél.

Verktími er áætlaður frá maí fram til 25 ágúst. Verkið er veðurháð og getur því framkvæmdatími dregist eitthvað. Hraði á brúnni verður tekin niður í 30 km/klst þegar verið er að ganga frá vörnum annars 50 km/klst. Gert er ráð fyrir að gönguleið verði opin allann verktímann, þó með einhverjum truflunum. Meðfylgjandi er útboðslýsingin.

Virðingarfyllst f. h. v.

Aron Bjarnason
Deildarstjóri viðhalds Brúa og Varnargarða.
s: 522-1074 / 8605611.
tp. aron.bjarnason@vegagerdin.is.